



# **Sampykktir fyrir Exista hf. Articles of Association for Exista hf.**

## **I. kafli / CHAPTER I Nafn, heimili og tilgangur / Company Name, Domicile and Purpose**

### **1. gr.**

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Exista hf.

### **Article 1**

The Company is a Public Limited Company. The Company's name is Exista hf.

### **2. gr.**

Heimili félagsins er að Ármúla 3 í Reykjavík.

### **Article 2**

The Company's address is at Ármúli 3, Reykjavík.

### **3. gr.**

Tilgangur félagsins er að vera fjármálaþjónustufyrirtæki í gegnum hluti í öðrum félögum, m.a. á sviði váttryggingarstarfsemi, s.s. skaða-, persónu- og líftryggingafélaga, svo og á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingarstarfsemi, þ.m.t. eignaleigu, og á sviði öryggisþjónustu, enn fremur að hafa með höndum kaup og sölu verðbréfa og fasteigna, rekstur fasteigna, þjónustu við dótturfélög og annan skyldan rekstur.

### **Article 3**

The purpose of the Company is to be a Financial Services Company through holdings in other companies, among other things in the fields of insurance, such as casualty, personal and life insurance, as well as in the fields of finance, loan and investment activities, such as leasing and security services, and furthermore to engage in the sale and purchase of securities and real estate, the management of real estate, services to subsidiaries and other related activities

## II. kafli / CHAPTER II

### Hlutfé félagsins / Share Capital of the Company

#### 4. gr.

Hlutfé félagsins er 14.174.767.632 krónur að nafnverði, sem skiptist í einnar krónu hluti. Fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutfé á hluthafafundi. Hlutféð er ekki flokkaskipt.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé þess um allt að 50.000.000.000 króna að nafnverði eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í evrum, með áskrift allt að 50.000.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög og samkvæmt samþykktum þessum. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Nýir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 30. október 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Stjórn félagsins er heimilt að taka lán fyrir hönd félagsins eða að gangast undir annars konar fjárhagslega skuldbindingu allt að samanlagðri fjárhæð kr. 7.087.383.816, sem breyta má í hluti í félaginu, en að því gefnu að heildarfjöldi hluta í félaginu sem mögulegt er að gefa út við nýtingu breytiréttar að fullu, skuli ekki nema meira en 50% af útgefnum hlutfé félagsins á útgáfudegi slíkra lána eða fjárhagslegra skuldbindinga. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um samsvarandi fjárhæð og breytiréttur nemur, þrátt fyrir heimild samkvæmt 2. mgr. 4. gr., og mun frekar ákveða hvernig heimild þessari verður beitt í samræmi við ákvæði 3., 4., og 5. mgr. 48. gr. og 41. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Hluthafar afsala sér forgangsrétti til áskriftar á hlutum sem gefnir kunna að verða út vegna þessa ákvæðis. Stjórn félagsins er heimilt að kveða á um að unnt sé að greiða lán eða fjárhagslega skuldbindingu með öðrum verðmætum en reiðufé. Heimild þessi gildir til 30. október 2013 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.

Hluthafafundur getur ákveðið hækkun hlutfjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta og þarf sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Nú notar einhver hluthafa ekki rétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutfé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefnda-úrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkan hlutfjár.

#### Article 4

The Company's share capital amounts to ISK 14,174,767,632 nominal value divided into as many shares of one ISK each. At shareholders' meetings each share shall carry one vote. The shares are not in different classes.

The Board of Directors of the Company is authorised to increase the share capital of the Company up to 50,000,000,000 Icelandic krona, or its equivalent in Euros, nominal value through the subscription of up to 50,000,000,000 new shares. The current shareholders waive their pre-emptive rights to the new shares pursuant to Article 34 of Act no. 2/1995 on Public Limited Companies and pursuant to these Articles of Association. The Board of Directors may, however, authorise individual shareholders in each instance to subscribe for the new shares in part or in whole. There will be no restrictions on trading in the new shares. The new shares shall belong to the same class and carry the same rights as other shares in the Company.



The new shares shall grant rights within the Company as of the date of registration of the increase of share capital. The Board of Directors of the Company shall determine more specifically how this increase will be executed, with reference to price and terms of payment. The Board of Directors of the Company is authorised to decide that subscribers pay for the new shares in part or in whole with other valuables than cash. This authorisation shall be effective until 30 October 2013, to the extent that it has not been exercised before that date.

The Board of Directors of the Company is authorised to take a loan, on behalf of the Company, or to undertake other kinds of financial obligations aggregate nominal amount of up to 7,087,383,816 Icelandic krona or the equivalent there of in other currencies, which shall be convertible into shares in the Company, but provided that the total number of shares of the Company capable of being issued upon the exercise of the conversion right in full will not exceed 50% of the number of issued shares of the Company on the date of the undertaking of the financial obligation. The Board of Directors shall be authorised to raise the Company's share capital up to the amount equal to the conversion value, notwithstanding the authorisation under Article 4, Paragraph 2, and will further decide how this authorisation will be executed in accordance with Article 48, Paragraphs 3, 4, and 5, and Article 41 of the Act on Public Limited Companies no. 2/1995. The shareholders waive their pre-emptive rights to subscribe for shares issued under this authorisation. The Board of Directors of the Company is authorised to decide that such financial obligations may be paid for in part or in whole with other valuables than cash. This authorisation shall be effective until 30 October 2013, to the extent that it has not been exercised before that date.

Shareholders' meetings may decide on an increase in the share capital of the Company, whether through subscription to new shares or through the issue of bonus shares, based on the rules that apply to the amendment of these Articles. Shareholders have pre-emptive rights to increased share capital in proportion to their holdings in the Company. If a shareholder does not use all of his right to subscribe, other shareholders are entitled to an increased right to subscription.

In the event that a shareholder has not paid for his shares by the due date, he shall pay penalty interest on the amount due from that date to the date of payment, in addition to costs accrued from the collection of the payment. Other means for dealing with defaults may also be used, as provided for by law at any time.

Only shareholders' meetings may decide on a reduction in the share capital.

#### **5. gr.**

Hlutabréf félagsins skulu gefin út með rafrænum hætti hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu til félagsins fær hann útgefið rafrétt í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir það honum full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um. Framsal hluta í félaginu öðlast gildi gagnvart félaginu við skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.

#### **Article 5**

The Company's Shares shall be issued electronically at the Icelandic Securities Depository, pursuant to the Act on Electronic Registration of Securities. Once a shareholder has paid in his share in full to the Company, he shall be issued an electronic certificate in a securities depository and a registered title which confers on him the full rights provided for in the Articles of Association of the Company. Transfer of shares becomes effective at registration with the Icelandic Securities Depository.

## 6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við gildandi lög.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun yfir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Skal arður greiddur þeim hluthöfum sem eru hluthafar við lok aðalfundardags þegar arðgreiðsla er ákveðin. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eigenda- eða bústaðaskipti.

Hver hluthafi skal tilkynna stjórn félagsins heimilisfang sitt. Sé þetta vanrækt skoðast allar tilkynningar til hluthafa lögmætar séu þær sendar til þess heimilisfangs hans sem skráð er í hlutaskrá.

## Article 6

The Board of Directors shall maintain a register of shares, pursuant to statutory law.

A share register shall be kept at the Company's office and all shareholders shall have access thereto and may acquaint themselves with the contents thereof.

For the Company, the share register shall be regarded as full proof of ownership rights to any shares in the Company, and dividends at any time, as well as bonus shares, notices of meetings and other notices shall be sent to the party registered as the owner of the shares in question in the share register of the Company. Dividends shall be paid to those that are registered as the owners of the Company's shares at the end of the day of the Annual General Meeting when dividends payment is decided. The Company assumes no responsibility for payments or notices being lost owing to neglect to notify the Company of changes of ownership or address.

Each shareholder shall inform the Board of Directors of his address. If the shareholder does not do so, all announcements to the shareholder will be considered lawful if they are addressed to the address in the share register of the Company.

## 7. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félagsstjórn skal heimilt á næstu 18 mánuðum frá 30. október 2008 að telja að kaupa allt að 10% af eigin hlutum. Kaupverð hlutanna skal ekki vera lægra en 0,01 kr á hlut og ekki hærra en 40 kr. á hlut. Ekki eru sett lágmark á heimild þessa varðandi stærð hluta sem keyptir eru hverju sinni.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og má ekki veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 18 mánaða hverju sinni.

## Article 7

The Company is not permitted to grant credit against share certificates in the Company unless permitted by law. The Board of Directors may, over the next 18 months as of 30 October 2008, purchase up to 10% of the Company's own shares. The purchase price shall be no less than 0.01 Icelandic krona per share and no more than 40 Icelandic krona per share. No limit is set on this authorisation regarding the size of the share purchased each time.

It is not permitted to exercise voting rights for the Company's own shares. The Company can only acquire shares pursuant to an authority from a shareholders' meeting granted to the Board of Directors. Such an authority can be valid for up to 18 months at a time.

#### **8. gr.**

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sínum umfram hlut sinn í félaginu.

#### **Article 8**

Each shareholder is under obligation, without specific undertaking, to abide by the Articles of Association of the Company in their current form or as legitimately amended at any time.

Shareholders' liability for the Company's affairs is limited to their share contribution.

#### **9. gr.**

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

#### **Article 9**

No special rights attach to any share in the Company. Shareholders are not obliged to be subject to the redemption of their shares unless otherwise required by law.

### **III. kafli / CHAPTER III Hluthafafundir / Shareholders' Meetings**

#### **10. gr.**

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda. Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.

#### **Article 10**

The supreme authority in the affairs of the Company, within the limits established by these Articles of Association and statutory law, is in the hands of legitimate shareholders' meetings. A shareholders' meeting may be held outside the domicile of the Company.

#### **11. gr.**

Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

## Article 11

The Annual General Meeting shall be held before the end of May each year.

Extraordinary shareholders' meetings shall be held as decided by the Board of Directors, or at the request of a shareholder holding a minimum of 1/10 of the shares of the Company. The request shall be in writing stating the business of the meeting, in which case the extraordinary shareholders' meeting shall be called within 14 days. If the Board of Directors does not call the extraordinary shareholder's meeting after receiving such a request, the appropriate authorities can be contacted in accordance with the Public Limited Companies Act.

## 12. gr.

Til hluthafafundar skal boða á sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Hluthafafund skal boða með minnst viku en lengst 4 vikna fyrirvara. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gera slíka þátttöku mögulega og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Stjórn er einnig heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80. gr. (a) laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum.

## Article 12

Shareholders shall be notified of shareholders' meetings by verifiable means, including through an advertisement in a daily newspaper. The notice of the meeting shall state the business of the meeting. Proposals for amendments of these Articles of Association or merger with other companies cannot be discussed at shareholders' meetings unless they were mentioned in the call to the meeting. If the agenda includes a motion to amend the Articles of the Company, the main substance of the motion shall be included in the notice of the meeting. A shareholders' meeting shall be called with at least one week's notice and at most 4 weeks' notice. The shareholders' meeting is valid if it has been legitimately called.

A shareholders' meeting shall elect a chairman and a secretary. A record of minutes shall be kept and proceedings of the meeting entered into it.

The Board of Directors may determine that shareholders may participate electronically in shareholders' meetings without being present. Shareholders who intend to take advantage of their right to participate electronically shall notify the Company's office with 5 day prior notice and submit, in writing, any questions they might have regarding the agenda or presented documents they wish to have answered at the meeting.

If the Board of Directors is of the opinion that sufficiently secure equipment is available and decides to use this authorisation it shall be clearly noted in the invitation to the meeting.

The Board of Directors is also authorised to decide that the shareholder's meeting only be held electronically.

Otherwise Article 80a of Act no. 2/1995 respecting Public Limited Companies as amended from time to time shall apply.

### **13. gr.**

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin til afgreiðslu:

- a) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- b) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu skal lagður fram til staðfestingar.
- c) Kosning stjórnar.
- d) Kosning endurskoðenda.
- e) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- f) Ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu.
- g) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
- h) Önnur mál sem löglega eru upp borin.

### **Article 13**

The Agenda of the Annual General Meeting shall include the following:

- a) The report of the Board of Directors on the activities of the Company in the preceding year of activities.
- b) The accounts of the Company for the preceding financial year, including an audit report, shall be submitted for confirmation.
- c) Elections to the Board of Directors.
- d) Election of an Auditor.
- e) Decision on remuneration to the members of the Board of the Company.
- f) Decision on the disposal of earnings or loss of the Company for the preceding financial year.
- g) The Board of Directors proposal for a Remuneration Policy
- h) Any other business.

### **14. gr.**

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Samþykki allra hluthafa þarf til eftirfarandi:

- 1) Að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsparfir fram yfir skuldbindingar sínar.
- 2) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlut sínum.
- 3) Að breyta ákvæðum samþykktu um atkvæðisrétt, hlutdeild í félaginu eða jafnrétti á milli hluthafa.
- 4) Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.

Að öðru leyti vísast til 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### **Article 14**

At shareholders' meetings each share shall carry one vote. Shareholders may, with a written letter of proxy, grant a proxy a permission to attend a shareholders' meeting on their behalf and exercise their voting rights.



Decisions at shareholders' meetings shall be taken by majority vote unless otherwise provided for in these Articles or statutory law. The consent of all shareholders is required to:

- 1) Oblige shareholders to contribute funds etc. for Company needs beyond their commitments.
- 2) Limit shareholders' rights to dispose of their shares.
- 3) Amend provisions of these Articles of Association regarding voting, shareholdings in the Company or the equal rights of the shareholders.
- 4) To amend the purpose of the Company substantially.

Otherwise is referred to Art. 94. of Act 2/1995.

#### **IV. kafli / CHAPTER IV**

### **Stjórn félagsins / The Board of Directors of the Company**

#### **15. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð allt að sjö mönnum. Skulu þeir kosnir árlega á aðalfundi, til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tiltekins frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um, að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið. Fundir stjórnarinnar eru ályktunarþær, ef meirihluti stjórnarmanna sækir þá.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eins og þurfa þykir. Stjórn félagsins er heimilt að fela stjórnarformanni tiltekin verkefni í þágu félagsins. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða til stjórnarfundar að kröfu eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Afl atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögætum fyrirmælum.

Stjórnendur halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

#### **Article 15**

The Board of Directors of the Company shall be comprised of up to seven members. They are to be elected at the Annual General Meeting for a term of one year. The eligibility of members of the Board shall be subject to statutory law.



In addition to a candidate's name, an identity number and address, information about main occupation, other directorships, education, experience and holdings of share capital in the Company shall be stated in the notification of candidature. Furthermore, all interest linked with the principal business parties and competitors of the Company, as well as with shareholders holding over 10% shares in the Company, shall be disclosed.

The Company's Board of Directors shall check the notifications of candidature and afford the parties concerned, in a verifiable manner, an opportunity to correct any shortcomings of the notification within a specified time limit, which shall be no longer than 24 hours. If shortcomings to the notification of candidature are not improved within the specified time limit, the Company's Board of Directors will decide upon the validity of candidature. It is possible to refer the conclusion of the Board of Directors to a shareholders' meeting, which wields final decisive power concerning the validity of candidature.

Information concerning candidates to the Board of Directors of a public limited company shall be available for shareholder perusal at the Company's headquarters no later than two days in advance of an Annual General Meeting.

The Board of Directors of the Company is the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings. It shall handle the affairs of the Company and ensure that its organization and operation are at all times in correct and appropriate order. The Board shall ensure adequate supervision of the accounts and disposal of the Company's property. The signatures of the majority of the Board of Directors are binding for the Company. Board meetings can pass a lawful resolution if a majority of the Board members attend.

The Board of Directors shall allocate tasks. The Board shall elect a Chairman of the Board from among its members, and allocate tasks in other respects as required. The Board shall be authorised to entrust the Chairman of the Board with special activities on behalf of the Company. The Chairman shall convene meetings of the Board and preside at Board meetings. Meetings shall be held at the discretion of the Chairman. The Chairman shall also convene a meeting of the Board if requested by one member of the Board or the Managing Director. The Board of Directors shall establish rules of procedure setting out further details of the performance of its duties.

Decisions are taken by majority vote unless otherwise provided in these Articles or legitimate instructions.

Members of the Board shall keep minutes of proceedings at meetings of the Board and confirm such minutes with their signatures.

#### **16. gr.**

Einungis meirihluti félagsstjórnar getur veitt prókúruumboð fyrir félagið. Að öðru leyti fer um hlutverk stjórnar samkvæmt lögum.

#### **Article 16**

Only the majority of the Board of Directors may assign powers of procuration on behalf of the Company. Otherwise the role of the Board of Directors shall be in accordance with statutory law.

#### **17. gr.**

Stjórn félagsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### **Article 17**

The Board of Directors may appoint a Managing Director of the Company and decide on the terms of his employment.

The Managing Director has charge of the day-to-day operations of the Company, and represents the Company in all matters concerning normal operations. The Managing Director shall manage the accounts of the Company and employ the employees of the Company. The Managing Director shall grant Board members and auditors all necessary information on the operations of the Company which they might request and should be granted according to statutory law.

### **V. kafli / CHAPTER V Reikningar og endurskoðun / Accounts and Auditing**

#### **18. gr.**

Starfsár félagsins og reikningsár er 1. janúar til 31. desember.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

#### **Article 18**

The operating year and fiscal year of the Company shall be 1 January to 31 December.

The annual accounts shall be prepared in a clear way and in accordance with the law and generally accepted accounting standards.

#### **19. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa félaginu einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfélag. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok starfsárs og eigi síðar en viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins leggja fram ársreikning, ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu og gera aðgengilega fyrir hluthafa.

Um framkvæmd endurskoðunar félagsins, hæfi, skilyrði og starfsskyldur endurskoðunarfirma vísast til laga nr. 144/1994 um ársreikninga.

#### **Article 19**

A chartered accountant or accounting firm shall be elected auditor at each Annual General Meeting of the Company for a term of one year. The auditor shall examine the Company's accounts for each year of operation and submit their result for the Annual General Meeting of the Company. Auditors or inspectors may not be elected from employees or Board members.

No later than three months following the close of the operating year and no later than a week before the Annual General Meeting, the Board of Directors shall submit the annual accounts, annual report from the Board and auditors report, and make available for the shareholders.

On how the audit is conducted, competence, conditions and duties of the audit firm reference is made to Act 144/1994 on annual accounts.

## **VI. kafli / CHAPTER VI**

### **Breytingar á samþykktum félagsins / Amendments to the Articles of Association of the Company**

#### **20. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum hluthafafundi. Ákvörðun um breytingu félagssamþykta verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum þessum eða landslögum.

#### **Article 20**

These Articles of Association may be amended at a lawfully convened shareholders' meeting. A decision to amend these Articles of Association is only valid if approved with the support of 2/3 of the cast votes, provided that shareholders controlling at least 2/3 of the shares represented in the meeting participate in the polling, on the condition that other voting power is not reserved in these Articles of Association or in statutory law .

## **VII. kafli / CHAPTER VII**

### **Slit á félaginu / Dissolution of the Company**

#### **21. gr.**

Með tillögur um skiptingu félagsins og slit á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum.

Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé í félaginu. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um að slíta eða skipta félaginu, skal einnig ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda. Fundurinn skal sömuleiðis ákveða hvort félaginu skuli skipt opinberum skiptum eða kjörin skilanevnd í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Hafi hluthafafundur tekið ákvörðun um félagsslit, skal þegar í stað tilkynna hlutafélagaskrá það.

#### **Article 21**

Proposals on the division or dissolution of the Company will be subject to the same provisions as amendments to these Articles of Association.

Any decision on the dissolution of the Company shall be made by shareholders controlling at least 2/3 - two thirds - of the Company's share capital. A shareholders' meeting, which has made a lawful decision on the division or dissolution of the Company, shall also decide on how the assets of the Company should be disbursed and debts paid. The meeting shall also decide if the Company is to be divided by a public authority or a Winding-up Committee is elected in accordance with provisions in the Public Limited Companies Act.

If a shareholders' meeting has decided on dissolution of the Company, it shall without delay be announced to the Register of Limited Companies.

## VIII. kafli / CHAPTER VIII Önnur ákvæði / Further Provisions

### 22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

### Article 22

Where the provisions of the present Articles of Association do not stipulate proceedings the provisions of Act No. 2/1995 respecting Public Limited Companies shall be abided by.

Samþykkt á hluthafafundi félagsins 23.ágúst 2006,

Adopted at a Shareholders' Meeting on 23 August 2006,

Samþykktum breytt á aðalfundi þann 14. mars 2007, þann 11. apríl 2007 á grundvelli ákvörðunar stjórnar frá 30. mars 2007, á aðalfundi 28. febrúar 2008 þann 30. maí 2008 á grundvelli ákvörðunar stjórnar frá 31. mars 2008 og á hluthafafundi þann 30. október 2008

Articles of Association amended at the Annual General Meeting on 14 March 2007, on 11 April 2007 on the basis of a decision of the Board of Directors on 30 March 2007, at the Annual General Meeting on 28 February 2008 on 30 May 2008 on the basis of a decision of the Board of Directors on 31 March 2008 and at the Shareholders Meeting on 30 October 2008

Reykjavík, 30. október 2008

Reykjavík, 30 October 2008